

Eystra-Geldingaholti 2. maí 2010

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Til Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda.
c/o Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Í formála Svanfríðar Jónasdóttur formanns verkefnisstjórnar Rammaáætlunar kemur fram að markmið með Rammaáætlun sé að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Þetta er mjög athyglisvert og gott ef það gæti náð fram að ganga. Því miður er það bara alls ekki svo. Það er svo margt sem gleymist algjörlega að minnast á. Þar nefni ég fyrst og fremst áhrif virkjana á sjálfan manninn og samfélagið. Mér finnst það mjög gagnrýnivert að hvergi skuli þurfa að taka tillit til mannsins og liðan hans, jafnvel þótt umbreyta eigi nánasta nágrenni.

Í mörg ár hafa Gnúpverjar staðið í harðri náttúrverndarbaráttu vegna Norðlingaölduveitu og virkjana í Þjórsá í byggð. Til að sátt geti náðst um jafnmikilvæg mál og þessi verður að virða skoðanir fólks og allir þurfa að hafa sömu tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Sýna þarf fólki virðingu. Þegar búið er að koma fram við fólk eins og gert hefur verið hér um slóðir verður ekki hægt að tala um sátt.

Hér er mjög alvarlegt ástand, samfélagið er í molum, fjölskyldur klofnar og fólki er sýnd lítilsvirðing af stjórnámálamönnum, sveitarstjórnarmönnum og Landsvirkjun.

Fjölmargar sannanir eru fyrir því að íbúar sveitarinnar höfðu árum saman miklar áhyggjur af því að sveitin þeirra yrði eyðilögð með virkjunum í byggð. M.a. komst málið á dagskrá á fundi í Ungmennafélagi Gnúpverja um miðjan 8. áratug síðustu aldar og þar varaði ungur bóndi við þessum möguleika. Margir trúðu því þó alls ekki að þessar virkjanirnar væru alvöru veruleiki, enda málið illa kynnt. Landsvirkjun undirbjó virkjanir á meðan heimamenn börðust fyrir verndun Þjórsárvera og segja má að lítið hafi farið fyrir umræðum. Árið 2001 óskaði Skipulangsstofnun umsagnar Gnúpverjahrepps um tillögu að matsáætlun vegna Núpsvirkjunar (nú er talað um Hvammsvirkjun). Á hreppsnefndarfundi í september 2001 tók þáverandi sveitarstjórn undir ábendingar um að færa stíflu og inntaksmannvirki uppundir farveg Þverár og lækkun lóns í 114 m.y.s. til að draga úr neikvæðum áhrifum og telur lækkunina vera forsendu þess að sátt náist í framkvæmdum. Þetta hunsaði Landsvirkjun. Ferlið allt hefur verið afar óeðlilegt og þess má geta kynningarfundur vegna aðalskipulags virkjana í Skeiða og

Gnúpverjahreppi fór ekki fram eins og vera bar þrátt fyrir kröfur íbúa þar um.

Eldri borgarar sveitarinnar samþykktu samhljóða ályktun gegn virkjun og ekki var hlustað á fólkið sem hér hefur búið árum saman og margir frá fæðingu. Á sama tíma og allar þær staðfestingar á mikilli andstöðu voru lagðar fram víða og kynntar, fóru forstjóri Landsvirkjunar og hans menn um héruð og í fjölmiðla og lýstu því hvað eftir annað að einlægur stuðningur við virkjanirnar ríkti í sveitunum. Meirihlutinn vildi virkja að sögn Landsvirkjunnarmanna. Engin skoðanakönnun hafði þó farið fram um það. Virkjanaandstæðingar áttu hins vegar erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri í ríkisfjölmiðlunum.

Alþingismenn hlusta ekki á raddir fólksins, lofa að hafa samband og ræða málin, en gera það svo ekki. Tölvupóstum er svarað með yfirlæti o.s.frv. Maður fær á tilfinninguna að maður sé ekki þess verður að talað sé við mann og málið rætt. Þetta er fólkið sem á að ráða fyrir okkur en vill ekki upplýsingar af því að þær henta ekki. Upplýsingar eru oft óþægilegar. Þetta sama fólk hefur sumt orðið að hætta þingmennsku vegna ávirðinga en það er við sama heygardshornið og sér ekkert annað okkur til bjargar en álbræðslur. Það hikað ekki við að koma sínu fram með góðu eða illu. Það sýnir nýframkomuð frumvarp til laga um virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Fólk sem gagnrýnir framkvæmdir og hvernig staðið er að málum er litið hornauga og jafnvel lagt í einelti. Sóknarpresturinn var snúinn niður fyrir að senda inn athugasemd við aðalskipulagið árið 2007 en í þeim benti hann m.a. á þætti sem hann hafði veitt athygli um líðan fólks út af framgögnu sveitarstjórnar og Landsvirkjunar. Einnig er dæmi um að fólk hafi misst heilsu um skeið vegna þessara deilumála.

Hagsmunaaðilum er mismunað. Aðeins er talað við suma landeigendur, þá sem missa land undir vatn, öðrum er jafnvel sagt að þeim komi málið ekki við. Svona er ástandið í minni fallegu sveit, Gnúpverjahreppi. Máli mínu til stuðnings fylgir hér með ýmislegt sem fram hefur komið á undanförunum árum í sambandi við Veiðifélag Þjórsár, Kálfárdeild en ég sit í þeirri stjórn.

Fréttatilkynning

Veiðifélag hafnar virkjunum í Þjórsá

Á aðalfundi Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild var samþykkt eftirfarandi ályktun þar sem skorað er á stjórn Landsvirkjunar að hætta við virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár, á sveitarstjórn Flóahrepps að hafna Urriðafossvirkjun í skipulagi sveitarinnar og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að að fella bæði Hvamms- og Holtavirkjun út af skipulagi sveitarinnar.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga.“

Eftirfarandi var sent til sveitastjórna á svæðinu:

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 22. júní 2007

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
801 Selfoss

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga. Skorar því fundurinn á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fella bæði Hvamms- og Holtavirkjun út af skipulagi sveitarinnar.

Virðingarfyllst,

Árdís Jónsdóttir ritari Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 22. júní 2007.

Sveitarstjórn Flóahrepps
Þingborg
801 Selfoss

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild.

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, haldinn í Félagsheimilinu Árnesi, fimmtudaginn 21. júní 2007, lýsir þungum áhyggjum af virkjunaráformum Landsvirkjunar í neðri hluta Þjórsár vegna gríðarlegrar röskunar á lífríki náttúrunnar í ánni og öðru vatnasvæði hennar, þ.á.m. í Kálfá, nái þessi virkjunaráform fram að ganga. Skorar því fundurinn á sveitarstjórn Flóahrepps að hafna Urriðafossvirkjun í skipulagi sveitarinnar.

Virðingarfyllst,

Árdís Jónsdóttir ritari Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild

Þessi frétt birtist í blöðum árið 2008

Óánægja landeigenda

Aðalfundur Veiðifélags Þjórsár, Kálfárdeild, var haldinn var í Árnesi 5. júní sl. Ýmislegt var rætt á fundinum, t.d. seiðasleppingar og útleiga á ánni.

Þá töldu fundarmenn afar óeðlilegt að Landsvirkjun stjórnir vatnsrennsli Þjórsár með hagsmuni netaveiðibænda í lágsvæitum Suðurlands að leiðarljósi. Einnig kom fram óánægja landeigenda við Kálfá vegna þess að ekkert er rætt við þá um hugsanlegar virkjanir í neðri hluta Þjórsár, jafnvel er látið að því liggja að þeim komi málið ekki við. Þeir telja sig að sjálfsögðu hafa beinna hagsmuna að gæta þar sem Kálfá rennur í Þjórsá. Virkjanir munu hafa mjög mikil áhrif á fiskigengd í Kálfá en undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp laxastofninn í ánni. Samþykkt var á fundinum að fara þess á leit við Landsvirkjun að boðað verði til fundar um málið með landeigendum við Kálfá.

Fundarmenn fögnuðu því að Vegagerðin hefur fallið frá því að setja ræsi á Kálfá í stað brúarinnar fyrir framan Árnes. Nú hefur verið ákveðið að breikka brúna og það telja heimamenn miklu betri kost.

Þrátt fyrir þetta hefur ekkert gerst, ekki talað eitt einasta orð við landeigendur við Kálfá. Nýlega var undirritaður nýr leigusamningur landeigenda við Kálfá við leigutaka. Í samningum er m.a. þessi grein: „Leigusamningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með árs fyrirvara, enda sé gagnaðila tilkynnt um uppsögn fyrir 30. september ár hvert. Aðilum skal þó eingöngu heimil uppsögn samningsins árið 2011 eða síðar. Leigusamningi þessum lýkur ella sjálfkrafa við lok samningstímabils hinn 30. október 2014, án uppsagnar.

Verði slík röskun á lífríki árinna að hún telst ekki lengur veiðanleg, svo sem vegna virkjunarframkvæmda í Þjórsá eða af völdum hamfara, þá fellur samningurinn þegar úr gildi.“

Á aðalfundi félagsins nýlega vakti ég athygli á ofangreindu og minnti á að Landsvirkjun hefði aldrei talað við landeigendur, þrátt fyrir að leitað hefði verið eftir því, og að hreppsnefnd hefði ekki skipt sér neitt af málinu. Oddviti sveitarinnar var á fundinum og brást hann illa við gagnrýninni, svaraði dónalega og sýndi mér litilsvirðingu. Við þetta búum við og höfum gert á undanförunum árum. Þetta er ekki hægt að bjóða fólki.

Einnig langar mig að benda á landið hefur aldrei nokkurn tíma verið metið að verðleikum í sambandi við virkjanir og línulagnir. Línur liggja þvers og krus yfir landareignir manna og hingað til hafa landeigendur lítið sem ekkert fengið fyrir allt það land sem fer undir svona skrímsli. Þessar línur spilla útsýni og hefta t.d. byggingar í nágrenninu. Væri ekki eðlilegt að greidd væri leiga fyrir hvert einasta mastur árlega alveg eins og þegar land er leigt til annarra nota, svo sem fyrir sumarbústaði? Á landareign minnar fjölskyldu liggur Búrfellslína 1 með 4 möstrum. Sérstaklega eitt þeirra spillir mjög útsýni úr stofuglugganum á mínu heimili og hefur gert svo í rúm 40 ár en það skyggir nákvæmlega á miðjan hinn fræga Eyjafjallajökul. Við vitum heldur ekki hvaða áhrif háspennulínur hafa á heilsu manna og dýra. Lítið sem ekkert samband var haft við bændur varðandi þessa línu og smánarbætur voru greiddar, og það í eitt skipti fyrir öll, þótt fólk pirri sig daglega á þessum línunum, þær standa að sjálfsögðu enn og munu gera.

Ég vil þó taka fram að árið 1968 voru aðrir tímar og engar deilur voru hér í sambandi við Búrfellsvirkjun eins og sumir hafa þó haldið fram. Á þeim tíma vantaði Íslendinga sjálfa rafmagn. Gott samband myndaðist líka við Búrfellssamfélagið. Þjórsárvirkjanirnar sem um ræðir nú eru alls ekki sambærilegar við fyrri virkjanir í Þjórsá. Það er því ekki skrítið að „hagkvæmt“ þyki að virkja allar sprænur Íslands þegar landinu sjálfu er sýnd svo mikil litilsvirðing sem raun ber vitni. Til að sátt náist

verður að taka miklu meira tillit til mannsins sjálfs og landsins sem verður verðmætara með hverju ári. Því verður að fara varlega.

Varðandi niðurstöður faghópa Rammaáætlunar væri margt hægt að segja þó að ekki sé auðvelt fyrir venjulegt fólk að lesa út úr þessum niðurstöðum en ég tek fram að ég fór á kynningarfund. **En mín athugasemd gengur fyrst og fremst út á að áhrifin á fólkið og samfélagið er einskis metið. Einnig tel ég litið gert úr landslagi og landslagsbreytinum.** Niðurstaða faghóps þrjú um byggðapróun og fleiri áhrif í samfélagi, kemur ekki inn á neitt annað en það sem virkjanatalsmenn hafa alltaf metið sem áhrif af eigin framkvæmdum. Annað þarf frekar að meta eigi að nást sátt um virkjanir.

Með von um að málin verði íhuguð af kostgæfni á árinu 2010,
Árdís Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti Árnassýslu